

# Sérsniðin úrræði

*Jú, ráðherrarnir ætluðu að láta skoða þetta mál, buðu að alltaf væri hægt að hafa samband við ráðuneytið, ráðuneytin settu sig „í samband við þær stofnanir sem málinu tengdust“ en sögðu líka að svo hefði virst sem málið hefði verið í farvegi hjá öðrum ráðuneytum.*

Allt síðan morð var framið í síðustu viku, hefur mikið verið talað um vanda geðsjúkra afbrotamanna og aðgerðarleysi stjórnvalda. Umræðan hefur mikið snúist um einstakling sem grunaður er um morðið, afstöðu aðstandenda hans og ábyrgð ráðherra dómsmála, félagsmála og heilbrigðismála í landinu.

Umræðan byrjaði eiginlega þegar Þorsteinn Jónsson fangels-

**VIÐHORF** ismálastjóri

tjáði sig um

þetta til-

tekna mál

og vakti

það mikla

athygli þeg-

ar hann sagði að engin stofnun í

þjóðfélaginu væri tilbúin að taka

manninn upp á sína arma eða bera

ábyrgð á honum. „Hver vísaði á

annan...þetta er maður sem á

heima á stofnunum og undir eft-

irliti lækna. Hann þurfti aðhald og

þjónustu sem hann var tilbúinn að

þiggja en slíkt var ekki í boði.“

Allir virðast sammála um að það

þarf að sérsníða úrræði fyrir

þennan tuttu manna hóp alvar-

lega veikra manna sem lögreglan

hefur nær daglega afskipti af og

eru inn og út úr fangelsunum, sem

er ekki rétti staðurinn. Sig-

ursteinn Másson, formaður Geð-

hjálp, hefur sem betur fer verið

óþreytandi við að benda á að það

liggi ljóst fyrir hvaða úrræði þessi

hópur þurfi. Lokaða meðferð-

arstofnun þar sem sjúklingarnir

fái þjónustu lækna. Fangelsi eða

réttargeðdeild eru ekki réttu stað-

irnir.

Margir hafa verið sér meðvit-

andi um vanda þeirra einstaklinga

sem eru hvað veikastir. Geðhjálp

og aðstandendur hafa ýtt á stjórn-

völd og þrýst á um úrbætur og

raunveruleg úrræði fyrir þennan

hóp, skrifað bréf og óskað eftir

fundum. Úrræði fyrir þennan hóp

eru hvorki fangelsi né rétt-

argeðdeild eins og Sigursteinn

hefur bent á í fjölmiðlum und-

anfarið. Lokuð geðdeild þar sem

þessir einstaklingar fá lækni-

isfræðilega meðferð við hæfi er úr-

ræðið sem vantar. Einnig breyting

á sjálfræðislögum til samræmis

við það sem gerist á Norðurlönd-

unum, þannig að aðstandendur

svo alvarlega geðsjúkra þurfi ekki

að ganga píslargöngu niður í

dómsmálaráðuneyti til að nauð-

ungarvista hinn sjúka á meðferð-

arstofnun, eins og Sigursteinn

benti m.a. á í Kastljósinu í vikunni.

Vistun á að vera læknisfræðileg

ákvörðun.

Í Kastljósinu í Ríkissjónvarpinu

á fimmtudagskvöld var sýnt brot

úr mánaðargömlum þætti þar sem

spurt var hvað aðgerðarleysið í

þessum efnum kostaði okkur.

Svarið kom nokkrum vikum síðar:

Mannslíf meðal annars.

Af hverju þarf alltaf stórslys til

þess að við tökum við okkur? T.d.

morðið á Klapparstíg til að bæta

aðbúnað alvarlega geðsjúkra af-

brotamanna, Skerjafjarðarslysið

til að bæta vinnubrögð við rann-

sóknir á flugslysum og laga reglur

í þeim efnum, umferðarslys til að

laga hættulega vegarkafla og svo

mætti áfram telja. Það virðist

þurfa að hrista okkur hastarlega

til að eitthvað sé gert í máluum.

Af hverju er svo erfitt fyrir

ráðuneytin að starfa saman? Hóp-

vinna er algeng á öllum skólastig-

um og samvinna er lykilorð í nútí-

mastjórnun, ég held það a.m.k.

En raunin er sú að hvert ráðuneyti

er eins og eyland sem afgreiðir

mál eða hugsar með sér að hin ey-

löndin afgreiði þau.

Fyrir liggur hvað þarf að gera,

sagði Sigursteinn Másson. Hann

tók undir með föður mannsins sem

grunaður er um morðið í síðustu

viku; talkúbbur er ekki nauðsyn-

legur. Talkúbb kallaði faðirinn

þann samráðshóp ráðuneytanna

sem ákveðið hefur verið að stofna.

Nú þarf frekar að gripa til að-

gerða.

Óumdeilt er að heilbrigðis-, fé-

lagsmála- og dómsmálaráðuneyti

þurfa að vinna saman. Allir eru

sammála um að það eigi ekki að

biða eftir stórslysum en sú virðist

oft þurfa að vera raunin.

Faðirinn hefur nú ritað tvö bréf.

Annað fyrir nokkrum mánuðum

og hitt nú í vikunni. Þá var hann

reiður: „Ráðherrarnir þrír sem ég

skrifaði hjálparbeiðni þann 29. maí

sl. hafa þvegið rækilega hendur

sínar í fjölmiðlum í gær og í dag,

sem er í sjálfu sér eðlileg viðleitni,

þar sem handvömmun, valdhrok-

inn, mannfyrirlitningin og við-

bragðaleysið við beiðni minni í maí

var yfirgengilegt og óafsakan-

legt.“

Ráðuneytin sögðust nefnilega

öll hafa gripið til ráðstafana. Í

hverju voru þær fölgna? Jú, ráð-

herrarnir ætluðu að láta skoða

þetta mál, buðu að alltaf væri

hægt að hafa samband við ráðu-

neytið, ráðuneytin settu sig „í

samband við þær stofnanir sem

málinu tengdust“ en sögðu líka að

svo hefði virst sem málið hefði ver-

ið í farvegi hjá öðrum ráðuneytum.

Ráðherrarnir sjálfir hafa lítið ver-

ið sýnilegir í þessari umræðu og

hafa frekar teft aðstodarmönnum

sínum fram. En þeir bera ábyrgð.

Vantar pólitískan vilja til að setja

meira fé í þennan málaflökk? Þeg-

ar þetta er skrifað er ekki vitað

hver niðurstaða ríkisstjórn-

arfundar í dag, föstudag, verður,

en þar verða þessi mál rædd. Það

er spurning hvort stjórnin stigur

stór skref.

Átak í þessum málu er vissu-

lega kostnaðarsamt en aðgerða-

leysið er dýrara. Nú þarf átak

heilbrigðis-, dóms- og félagsmála-

ráðuneyta. Stuðningur og eft-

irfylgni eru lykilorð. Fulltrúar

ráðuneytanna og Geðhjálpar fund-

uðu óformlega í sumar og þar varð

niðurstaða umræða sú að nýtt

meðferðarúrræði þyrfti, eins og

Sigursteinn sagði. Það þarf ekki

að finna upp hjólið aftur.